

## Aðalfundur félags sumarhúsaeigenda í Hvammi

**Dagsetning:** Mánudagurinn 11.10.2010 kl 17:15

**Fundarstaður:** Grand Hótel

**Fundarefni:**

### 1. Skýrsla stjórnar. Birgir Benediktsson formaður.

Setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Andri Árnason kosinn fundarstjóri. Lýsti hann fundarboð löglegt og lýsti fundinn lögmetann sem aðalfund FSH.

BB flutti skýrslu stjórnar. Fundur venjulega haldinn í október þó lög kveði á um fund í maí. Sex stjórnarfundir hafa verið haldnir og einn félagsfundur. Stjórnin einnig haldið nokkra óformlega fundi. Félagatal hefur verið uppfært. Sum sumarhúsafélög hafa sett sé umgengnisreglur. Ekki hafa verið settar upp slíkar reglur í Hvammi en stjórnin hefur rætt hvort ástæða sé til slíks. Stjórnin bendir eigendum á s.k. öryggisnúmer.

Bráðabirgðaviðgerð var framkvæmd á umhverfi ruslagáms.

Samþykkt var á fundi í Apríl að kaupa öryggishlið. Nú er þegar búið að panta hlið. Erindi hefur verið sent til Skorradlshrepps. Rafmagnsveita hefur samþykkt heimtaug. Sigurður Pétursson mun framkvæma verkið. Gjaldkeri mun koma með tillögur að aukagjaldi.

Á þessu starfsári hafa verið 3 eigendur. Í janúar leysti Aríonbanki til sín jörðina Hvamm. Fljótlega hófust viðræður á milli Arín og stjórnar. Á félagsfundi í júní var stjórn falið að vinna að þessu máli. Kaupverð hefur ekki fengist staðfest en síðasta tilboð var 72 milljónir. Mat stjórnar er að óeðlilega hafi verið staðið að sölufurlinu af hendi Aríonbanka.

Stjórnin hefur fundað með nýjum eiganda. Hann er með hugmyndir um byggingu bústaða í Káralandi og fyrir ofan veg.

Stjórnin hefur sett sig í samband við Skipulagsstofnun Ríkisins til að fá ráðleggingar og ábendingar varðandi vatnsmál og framtíðar skipulag.

Vatnsnefnd hefur rætt við vatnsfélag Vatnsenda og var vel tekið í samstarf þar á milli. Það mál er þó nú í höndum nýs eiganda. Nú þarf að semja við nýjan eiganda um vatnsveitu. Skilningur stjórnar er að jarðeigandi skaffi vatn að lóðarmörkum, en á einhverjum tímapunkti taki félagið við viðhaldi þegar vatnsmálin hafa komist í lag og verið aflað vatns sem dugir til framtíðar að magni og gæðum.

Í ljós hefur komið að vatn er mengað af kólígerlum. Þá kom einnig í ljós að HV gaf vatnsveitu starfsleyfi árið 2006. 23 júlí gerðu SP og BS úttekt á vatnsveitunni og skemmdum þar og er að finna á heimasíðu félagsins.

Fyrir 3 vikum tæmdist vatn úr tönkum og beindi formaðurinn þeim tilmælum til sumarhúsaeygenda að spara vatnið.

Sett hefur verið upp heimasíða þar sem birtar eru fundargerðir og veðurupplýsingar, ásamt fréttum af því helsta sem er að gerast í Skorradalnum.

## 2. Ársreikningar kynntir. Alexander Edvardsson gjaldkeri.

Alexander kynnti ársreikninga. Verða birtir á heimasíðu. Félagsgjöld fyrra árs 650.000. Kostnaður við vatnsveitu 319 þús, verkfræðivinna. Í lok árs eigið fé 3.460.944.

## 3. Kosning stjórnarmanna

Stjórn ber fram tillögu um stjórn.

*Aðalmenn:*

Birgir Benediktsson  
Bárður Sigurgeirsson  
Alexander Edvardsson  
Andri Árnason  
Björn Magnússon

*Varamenn:*

Arnar Jónsson  
Skúli Már Sigurðsson

*Skoðunarmenn reikninga:*

Magni Sigurhansson  
Björn Jóhannsson

*Varamaður*

Guðjón Jensson

Samþykkt samhljóða

4. **Alexander kynnti tilögu að árgaldi 2010-2011.** Er óvenju hátt núna vegna öryggishliða. Tillaga er um að félagsgjald verði 25.000. Gjaldinu skipt í 15.000 félagsgjald og 10.000 framkvæmdagjald. Nýtt gjald fyrir nýjar lóðir er áætlað c:a 40.000.

## 5. Kynning á heimasíðu félagsins

Bárður Sigurgeirsson kynnti heimasíðu félagsins og þá möguleika sem í henni felast

## 6. Önnur mál

Bergþór Þormóðsson ræddi um vatnsmálin. Í máli hans kom fram að þegar hann var formaður félagsins kynnti hann sér vatnsmálin mjög vel og ritaði reyndar skýrslu þar um. Bergþór gagnrýndi harkalega stöðu vatnsveitu. Mat Bergþórs er að núverandi vatnsveita muni aldrei duga svæðinu, hvorki að magni né gæðum, sama til hvaða aðgerða verði gripið. Því sé nauðsynlegt að þrýsta á landeiganda að afla nýs heilbrigðs vatns. Í máli Bergþórs kom einnig fram að vitað er um fólk sem veikst hefur eftir að hafa neytt vatns á svæðinu. Lýsti Bergþór sig einnig tilbúinn til að starfa með sjórn að framgangi vatnsmálsins.

Andri ræddi um frekara skipulag á svæðinu og vatnsöflun. Frekari umræður um vatnsmálin. Almennt má segja að tekið hafi verið undir sjónarmið Bergþórs. Birgir sagði frá þeim framkvæmdum og lagfæringum sem eru í gangi.

Magni tekur undir með Bergþóri. Þakkar fyrir heimasíðu.

Fyrirspurn um myndavélar frá Þórði Má Jóhannessyni. Beint til stjórnar að skoða kostnað við uppsetningu á öryggismyndavélum og stefna að því að setja upp myndavélar, en næst þó líklega ekki að framkvæma um leið og hliðin verða sett upp. Samþykkt.

Guðjón Jenson. Kvartar yfir greiðslu fasteignagjalda sem eru um 100.000 á hús, eða um 50 milljónir í dalnum. Á að dekkja veitta þjónustu. Finnst ekki hreppurinn veita þjónustu í hliðsjón af þeim tekjum sem hann fær. Beindi Guðjón þeim tillögum til stjórnar að ræða við önnur sumarhúsafélög og reyna að þrýsta á hreppsnefnd um upplýsingar.

Áhrif vatnsmiðlunar á Skorradalsvatn. Hvetur stjórn til að taka á þessu máli.

Bergþór Þormóðsson lagði fram eftirfarandi ályktun sem var samþykkt samhljóða.

*Aðalfundur félags sumarhúsaeigenda í Hvammi í Skorradal krefst þess að gerðar verði varanlegar úrbætur á vatnsöflun fyrir byggðina. Ljóst er að núverandi vatnsveita mun aldrei geta uppfyllt kröfur um viðunandi vatnsmagn eða gæði fyrir sumarhúsabyggð í Hvammi.*

Fleira var ekki rætt



Bárður Sigurgeirsson ritari

Félag sumarhúsaeygunda  
í Hoammi.



Stofnfundur 11. október 2010.

Alexander E. Einarsson

Leifur Þorgeirsdóttir  
Benedikt Eyd

Leifur E. Kristjánsson  
Magni Sigurðsson

ÁRVAR ÁRVARSSON.

Ásgeir Ásgeirsson

Ágúst Þorsson

Þorsteinn Már Þorvaldsson

Stefán E. Stefánsson

Jakobur Sveinsson

Margrjet Guðjónsd.

Sonja Þórunn Þorsdóttir

Þrándur Skúladóttir

Stóður Breiðsson

Sigrún Þorvaldsson

Helga A. Fralson

2



Bergur Þormóðsson

Ólafur Þorjónsson

Helga Óskarsdóttir

Þórunn Magnúsdóttir

Stefni: Hótel Sjávarbrú.

Þessi Þessi

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson